

**I EES-STOFNANIR**

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

**II EFTA-STOFNANIR**

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

**III EB-STOFNANIR**

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

96/EES/30/01	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.734 - Melitta/Dow - Newco) .....	01
96/EES/30/02	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.747 - Chevron Corporation/British Gas/Nova Corporation/ NGC Corporation) .....	02
96/EES/30/03	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.750 - IFIL/Worms/Saint Louis) .....	02
96/EES/30/04	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.769 - Norsk Hydro/Arnyca (Enichem Agricoltura)) .....	03
96/EES/30/05	Beiðni um rannsókn á samfylkingu (Mál nr. IV/M.784 - Kesko/Tuko) .....	04
96/EES/30/06	Tilkynning um samning (Mál nr. IV/36.061) .....	04

96/EES/30/07	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.689 - ADSB/Belgacom) .....	05
96/EES/30/08	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.700 - Emerson/Caterpillar) .....	05

3. **Dómstóllinn**

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.734 - Melitta/Dow - Newco)

96/EES/30/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. 6. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækin Melitta Bentz KG, München, Þýskalandi, Dow Europe S.A., Horgen, Sviss, og Dow Brands Inc., Indianapolis, Bandaríkjunum, sem tilheyrir samstæðunni The Dow Chemical Company, óðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu Cofresco Frischhalteprodukte GmbH + Co KG, Þýskalandi með hlutabréfakaupum í þessu nýstofnaða fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Melitta Bentz KG: Eignarhaldsfélag Melitta-samstæðunnar, framleiðsla og sala á heimilissvörum,
  - Dow Europe S.A.: Áætlanagerð og stjórnun Dow-fyrirtækja í Evrópu, Austurlöndum nær og Afríku,
  - Dow Brands Inc.: Framleiðsla og sala á umbúðavörum til heimilishalds og öðrum heimilissvörum,
  - The Dow Chemical Company : Rannsóknar- og þróunarstarfsemi, framleiðsla og sala á kemískum efnum, plasti, trefjum úr kemískum efnum, hreingerningarefnum og umbúðavörum til heimilishalds.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjóð. EB nr. C 193, 4. 7. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.734 - Melitta/Dow - Newco, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B-Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

(<sup>1</sup>) Stjóð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjóð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram**  
**(Mál nr. IV/M.747 - Chevron Corporation/British Gas/Nova Corporation/  
 NGC Corporation)**

96/EES/30/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. 6. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækin Chevron Corporation (Bandaríkjunum), British Gas plc (Breska konungsríkinu) og Nova Corporation (Kanada) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirlit yfir nýstofnuðu fyrirtæki (undir heitinu NGC Corporation), sem mun taka yfir:
  - jarðgasdeildina í Chevron og viðskipti dótturfyrirtækis þess Warren Petroleum Company (Bandaríkjunum), og
  - viðskipti núverandi NGC Corporation (Bandaríkjunum), sem er undir yfirlitum British Gas og Nova.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Chevron Corporation: Leit, framleiðsla og sala á hráolíu og jarðgasi; vinnsla á hráolíu; sala, dreifing og markaðssetning á hráolíu, jarðgasi og hreinsaðri olíu,
  - British Gas: Gasveita,
  - Nova Cororation: Sala á jarðgasi og efnun úr jarðolíu og -gasi,
  - NGC Corporation í núverandi mynd: Kaup og sala á jarðgasi og fljótandi jarðgasi.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagstuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 191, 2. 7. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.747 - Chevron Corporation/British Gas/Nova Corporation/NGC Corporation, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
 Directorate-General for Competition (DG IV)  
 Directorate B-Merger Task Force  
 Avenue de Cortenberg 150  
 B-1049 Brussels

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram**  
**(Mál nr. IV/M.750 - IFIL/Worms/Saint Louis)**

96/EES/30/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 28. 6. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækin IFIL-Finanziara di Partecipazioni og Worms & Cie öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirlit yfir samstæðunni Saint Louis með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - IFIL: Eignarhaldsfélag sem annast einkum viðskipti með sement, smásöludreifingu og vélasmíði,

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

- Worms & Cie: Vátryggingar, bankastarfsemi og landbúnaðarvörur,
  - Saint Louis: Pappír, sykur, sveppir og tilbúnir réttir.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
  4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 194, 5. 7. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.750 - IFIL/Worms/Saint Louis, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
 Directorate-General for Competition (DG IV)  
 Directorate B-Merger Task Force  
 Avenue de Cortenberg 150  
 B-1049 Brussels

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram**  
**(Mál nr. IV/M.769 - Norsk Hydro/Arnyca (Enichem Agricoltura))**

**96/EES/30/04**

1. Framkvæmdastjórninni barst 27. 6. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækið Hydro Agri Nederland BVA (Hollandi), sem tilheyrir samstæðunni Norsk Hydro A.S.A. (Noregi), öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir fyrirtækinu Arnyca Srl (Ítalíu) sem er að öllu leyti dótturfyrirtæki Enichem SpA (Ítalíu) með hlutabréfakaupum. Enichem (áður Enichem Agricoltura SpA) mun flytja ákveðinn hluta starfsemi sinnar á sviði áburðarframleiðslu yfir til Arnyca.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Norsk Hydro: Framleiðsla og sala á tilbúnum áburði, framleiðsla á ammoníaki, olfu og gasi, efnun úr jarðolíu og -gasi, svo og léttmálum,
  - Arnyca: Framleiðsla og sala á tilbúnum áburði.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 194, 5. 7. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.769 - Norsk Hydro/Arnyca (Enichem Agricoltura), á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
 Directorate-General for Competition (DG IV)  
 Directorate B-Merger Task Force  
 Avenue de Cortenberg 150  
 B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Beiðni um rannsókn á samfylkingu  
(Mál nr. IV/M.784 - Kesko/Tuko)**

96/EES/30/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. 6. 1996 beiðni frá finnskum yfirvöldum samkvæmt 22. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> um að rannsaka samfylkingu þar sem Kesko Oy öðlaðist í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins yfirráð yfir Tuko Oy með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Kesko: Heildsala og smásala á nýlenduvörum, járnvörum og öðrum vörum,
  - Tuko: Heildsala og smásala á nýlenduvörum, járnvörum og öðrum vörum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 193, 4. 7. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.784 - Kesko/Tuko, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B-Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

**Tilkynning um samning  
(Mál nr. IV/36.061)**

96/EES/30/06

1. Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins barst 4. júní 1996 tilmæli samkvæmt 2. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(2)</sup> um fyrirhugaða endurskoðun á greiðsluöfnunarreglum bankasamtakanna ECU Banking Association (EBA). Reglurnar varða meðal annars greiðsluöfnunarkerfi EBA sem veitir núverandi þáttakendum, sem eru alls 47 talsins, tækifæri til að netta og gera upp skuldbindingar sín á milli í tengslum við framkvæmd ECU-greiðsluleiðbeininganna.
2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samstarfssamningurinn sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða endurskoðun á greiðsluöfnunarreglunum.
4. Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 194, 5. 7. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr.: 32-2 296 98 07), með tilvísun til máls nr. IV/36.061 - ECU Banking Association, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Unit IV/D1  
Rue de la Loi/Wetstraat 200  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204/62.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu  
(Mál nr. IV/M.689 - ADSB/Belgacom)****96/EES/30/07**

Framkvæmdastjórnin ákvað 29. 2. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fáanleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fáanleg:

- í pappírsútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0689. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP  
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)  
2, rue Mercier  
L-2925 Luxembourg  
Sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu  
(Mál nr. IV/M.700 - Emerson/Caterpillar)****96/EES/30/08**

Framkvæmdastjórnin ákvað 31. 5. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fáanleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fáanleg:

- í pappírsútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0700. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP  
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)  
2, rue Mercier  
L-2925 Luxembourg  
Sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

(1) Stjftíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjftíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.